

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 25. maí 2021.

Mál nr. S-177/2019:

Ákærvaldið

(Kristín Ingileifsdóttir saksóknari)

gegn

Jóni Þór Birgissyni,

(Bjarnfreður Ólafsson lögmaður)

Frakk slf.

(Bjarnfreður Ólafsson lögmaður) og

Gunnari Þór Ásgeirssyni

(Garðar G. Gíslason lögmaður)

Dómur

Árið 2021, þriðjudaginn 25. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-177/2019: Ákærvaldið gegn Jóni Þór Birgissyni, Frakk slf. og Gunnari Þór Ásgeirssyni en málið var dómtekið 5. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara, dagsettri 28. febrúar 2019, á hendur:

„Jóni Þór Birgissyni, kt. 230475-4749

Bergstaðastræti 22, Reykjavík

og

Gunnari Þór Ásgeirssyni, kt. 041167-3199

Bergstaðastræti 11A, Reykjavík

fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum:

A.

1. Á hendur ákærða Jóni Þór með því að hafa skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2011 og 2013 vegna tekjuáranna 2010 og 2012 og fyrir að hafa eigi staðið skil á skattframtölum gjaldárin 2014 og 2015 vegna tekjuáranna 2013 og 2014, en með því lét ákærði undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum tekjur að fjárhæð 75.166.406 krónur frá félögunum Von Andi ehf., Von Andi Inc., Hopefully Touring Ltd. og Ess err ehf., sem skattskyldar eru samkvæmt 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. einnig 19. og 21. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, og arðgreiðslur frá félögunum Von Andi ehf. og Hopefully Touring Ltd. að fjárhæð 67.621.440 krónur, sem skattskyldar eru skv. 4. tl. C-liðar 7. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 90/2003, en með framangreindu komst ákærði Jón Þór undan greiðslu tekjuskatts og útsvars að fjárhæð 30.638.249 krónur og fjármagnstekjuskatts að fjárhæð 13.274.288 krónur, sem sundurliðast sem hér greinir:

Tekjuárið 2010:

Framtalinn tekjuskattsstofn:	kr.	3.574.596
Vanframtalдар tekjur:	kr.	2.556.750
Tekjuskattur, skattprósenta 27%	kr.	616.177
Útsvar, útsvarsprósenta 13,03%	kr.	333.145
(Af stofni kr. 2.400.001 - 7.800.000)		
Ónýttur persónuafsláttur	kr.	0
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>949.322</i>

Tekjuárið 2012:

Framtalinn tekjuskattsstofn:	kr.	2.200.393
Vanframtalдар tekjur:	kr.	15.990.541
Tekjuskattur, skattprósenta 22,9%	kr.	128.150
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	81.031
(Af stofni kr. 0 - 2.760.000)		
Tekjuskattur, skattprósenta 25,8%	kr.	1.468.639
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	824.260
(Af stofni kr. 2.760.001 - 8.452.400)		
Tekjuskattur, skattprósenta 31,8%	kr.	3.096.854
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	1.410.140
(Af stofni yfir kr. 8.452.400)		

Vanframtaldar fjármagnstekjur, arðgreiðsla	kr.	14.826.000
Fjármagnstekjuskattur 20%	kr.	2.965.200
Ónýttur persónuafsláttur	kr.	0
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>7.009.074</i>
<i>Vangreiddur fjármagnstekjuskattur:</i>	<i>kr.</i>	<i>2.965.200</i>

Tekjuárið 2013

Framtalinn tekjuskattsstofn:	kr.	0
Vanframtaldar tekjur:	kr.	47.652.944
Áætlaður tekjuskattsstofn, fráðreginn:	kr.	-2.900.000
Alls vantalið	kr.	44.752.944

Tekjuskattur, skattprósenta 25,8%	kr.	1.541.320
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	865.051
(Af stofni kr. 2.897.703 - 8.874.108)		
Tekjuskattur, skattprósenta 31,8%	kr.	12.331.670
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	5.615.175
(Af stofni yfir kr. 8.874.108)		

Vanframtaldar fjármagnstekjur, arðgreiðsla	kr.	52.795.440
Áætlaður fjármagnstekjuskattsstofn vegna hlutabréfa	kr.	-1.250.000
Alls vantalið	kr.	51.545.440
Fjármagnstekjuskattur 20%	kr.	10.309.088

Ónýttur persónuafsláttur	kr.	0
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>20.353.216</i>
<i>Vangreiddur fjármagnstekjuskattur:</i>	<i>kr.</i>	<i>10.309.088</i>

Tekjuárið 2014

Framtalinn tekjuskattsstofn:	kr.	0
Vanframtaldar tekjur:	kr.	8.966.171
Áætlaður tekjuskattsstofn:	kr.	-3.100.000
Alls vantalið	kr.	5.866.171
Tekjuskattur, skattprósenta 22,86%	kr.	86.868
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	kr.	55.176

(Af stofni kr. 0 - 3.480.000)

Tekjuskattur, skattprósenta 25,3%	kr.	1.388.001
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	kr.	796.592
(Af stofni kr. 3.480.001 - 9.415.428)		
Ónýttur persónuafsláttur	kr.	0
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>2.326.637</i>
Vanframtaldar tekjur alls	kr.	75.166.406
Vanframtaldar fjármagnstekjur alls	kr.	67.621.440
Vangreiddur tekjuskattur og útsvar	kr.	30.638.249
Vangreiddur fjármagnstekjuskattur	kr.	13.274.288

2. Á hendur ákærða Gunnari Þór löggiltum endurskoðanda fyrir að hafa eigi staðið skil á skattframtölum meðákærða Jóns Þórs gjaldárin 2014 og 2015 vegna tekjuáranna 2013 og 2014 en með því voru tekjur ákærða Jóns Þórs vanframtaldar um 56.619.115 krónur og fjármagnstekjur vegna arðgreiðslna að fjárhæð 52.795.440 krónur og komst meðákærði Jón Þór undan greiðslu tekjuskatts og útsvars að fjárhæð 22.679.853 krónur og fjármagnstekjuskatts að fjárhæð 10.309.088 krónur, samanber sundurliðun í 1. tölulið ákæru.

B.

Framangreind brot ákærða Jóns Þórs samkvæmt 1. tl. ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Framangreind brot ákærða Gunnars Þórs samkvæmt 2. tl. ákæru teljast aðallega varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, en til vara við 1. mgr. 262. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 109. gr. sbr. 7. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Hinn 22. mars 2019 gaf Héraðssaksóknari út ákæru á hendur:

„Jóni Þór Birgissyni, kt. 230475-4749,
Bergstaðastræti 22, Reykjavík,

Frakk slf., kt. 491104-3250,
Skiopholti 50d, Reykjavík

og

Gunnari Þór Ásgeirssyni, kt. 041167-3199,
Bergstaðastræti 11A, Reykjavík,

fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum:

A.

Á hendur ákærða Jóni Þór sem ábyrgðaraðila og aðaleiganda samlagsfélagsins Frakks og ákærða Gunnari Þór löggiltum endurskoðanda og daglegum stjórnanda félagsins á Íslandi, fyrir að hafa eigi staðið skil á skattframtölum þess rekstrarárin 2010 til og með 2014, vegna gjaldáranna 2011 til og með 2015, en með því létu ákærðu undir höfuð leggjast að telja fram rekstrartekjur félagsins framangreind ár, sem skattskyldar eru skv. B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, samtals að fjárhæð 701.398.986 krónur. Með framangreindu komu þeir félaginu undan greiðslu tekjuskatts að fjárhæð 146.835.106 krónur, sem sundurliðast sem hér greinir:

Rekstrarárið 2010

Vanframtaldar rekstrartekjur	kr.	123.275.099
Möguleg rekstrargjöld	kr.	-77.084.121
<hr/>		
Tekjuskattsstofn	kr.	46.190.978
Áætlaður tekjuskattsstofn	kr.	-5.000.000
<i>Vantalinn tekjuskattsstofn :</i>	<i>kr.</i>	<i>41.190.978</i>
<i>Vangreiddur tekjuskattur 32,7%</i>	<i>kr.</i>	<i>13.469.450</i>

Rekstrarárið 2011

Vanframtaldar rekstrartekjur	kr.	150.257.063
Möguleg rekstrargjöld	kr.	-62.216.331
<hr/>		
Tekjuskattsstofn	kr.	88.040.732
Áætlaður tekjuskattsstofn	kr.	-5.000.000

<i>Vantalinn tekjuskattsstofn :</i>	<i>kr.</i>	<i>83.040.732</i>
<i>Vangreiddur tekjuskattur 36%</i>	<i>kr.</i>	<i>29.894.664</i>

Rekstrarárið 2012

Vanframtaldar rekstrartekjur	kr.	97.758.339
Möguleg rekstrargjöld	kr.	-42.994.414

Tekjuskattsstofn	kr.	54.763.925
------------------	-----	------------

Áætlaður tekjuskattsstofn	kr.	-4.000.000
---------------------------	-----	------------

<i>Vantalinn tekjuskattsstofn :</i>	<i>kr.</i>	<i>50.763.925</i>
-------------------------------------	------------	-------------------

<i>Vangreiddur tekjuskattur 36%</i>	<i>kr.</i>	<i>18.275.013</i>
-------------------------------------	------------	-------------------

Rekstrarárið 2013

Vanframtaldar rekstrartekjur	kr.	162.604.630
------------------------------	-----	-------------

Möguleg rekstrargjöld	kr.	-38.801.715
-----------------------	-----	-------------

Tekjuskattsstofn	kr.	123.802.915
------------------	-----	-------------

Áætlaður tekjuskattsstofn	kr.	-1.000.000
---------------------------	-----	------------

<i>Vantalinn tekjuskattsstofn :</i>	<i>kr.</i>	<i>122.802.915</i>
-------------------------------------	------------	--------------------

<i>Vangreiddur tekjuskattur 36%</i>	<i>kr.</i>	<i>44.209.049</i>
-------------------------------------	------------	-------------------

Rekstrarárið 2014

Vanframtaldar rekstrartekjur	kr.	167.503.855
------------------------------	-----	-------------

Möguleg rekstrargjöld	kr.	-52.651.272
-----------------------	-----	-------------

Tekjuskattsstofn	kr.	114.852.583
------------------	-----	-------------

Áætlaður tekjuskattsstofn	kr.	-1.000.000
---------------------------	-----	------------

<i>Vantalinn tekjuskattsstofn :</i>	<i>kr.</i>	<i>113.852.583</i>
-------------------------------------	------------	--------------------

<i>Vangreiddur tekjuskattur 36%</i>	<i>kr.</i>	<i>40.986.930</i>
-------------------------------------	------------	-------------------

<i>Samtals vanframtaldar rekstrartekjur</i>	<i>kr.</i>	<i>701.398.986</i>
--	-------------------	---------------------------

<i>Samtals vangreiddur tekjuskattur</i>	<i>kr.</i>	<i>146.835.106</i>
--	-------------------	---------------------------

B.

Brot ákærða Jóns Þórs samkvæmt A. lið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 2. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Brot ákærða Gunnars Þórs samkvæmt A. lið ákæru teljast aðallega varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, en til vara við 1. mgr. 262. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 109. gr., sbr. 7. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Brot ákærða Frakks slf. samkvæmt A lið ákæru teljast varða við 8. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. 2. mgr. 109. gr. laganna.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málin voru sameinuð.

Verjandi ákærða Jóns Þórs og Frakks slf. krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, til vara er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og til þrautavara að ákærða verði ekki gerð refsing eða að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði skilorðsbundin. Þess er í öllum tilvikum krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun samkvæmt tímaskýrslu, verði greiddur úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða Gunnars Þórs krefst aðallega sýknu af öllum kröfum, til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsivist, ef dæmd verður, verði skilorðsbundin. Málsvarnarlauna er krafist samkvæmt framlagðri tímaskýrslu.

Með bréfi Skattrannsóknarstjóra ríkisins, dagsettu 21. mars 2018, var máli þessu vísað til Héraðssaksóknara vegna sakarefnisins sem greinir í ákæru frá 28. febrúar 2019, nema að ákærði Gunnar Þór var ekki sökunautur samkvæmt bréfinu.

Tekin var skýrsla af ákærða Jóni Þór hjá lögreglunni 5. júlí 2018 og af ákærða Gunnari Þór 6. september 2018.

Með bréfi Skattrannsóknarstjóra ríkisins, dagsettu 4. febrúar 2019, var máli þessu vísað til rannsóknar Héraðssaksóknara vegna sakarefnis í ákæru frá 22. mars 2019, nema að ákærði Gunnar Þór var ekki sökunautur samkvæmt bréfinu.

Tekin var skýrsla af ákærða Jóni Þór 27. febrúar 2019 og af ákærða Gunnari Þór 11. mars 2019.

Ekki þykir eins og á stendur ástæða til að reifa framburð ákærðu hjá lögreglu.

Nú verður rakinn framburður ákærðu og vitnisburður fyrir dómi.

Ákæra dagsett 28. febrúar 2019

Ákærði Jón Þór neitar sök. Hann kvað ekki ágreining um fjárhæðir í ákærunni og að ekki hefði verið skilað réttum skattframtölum, en kvað neitun sína byggjast á því að hann hefði verið í góðri trú um að skattframtölin væru rétt. Ákærði kvaðst hafa starfað sem tónlistarmaður alla tíð og einnig árin sem um ræðir í ákæru. Hann kvað meðákærða Gunnar Þór hafa verið endurskoðanda hljómsveitarmeðlima Sigur Rósar þann tíma sem í ákæru greinir. Hann kvað Gunnar Þór hafa séð um fjárhagsleg málefni sín og skattskil árin sem um ræðir í ákæru. Gunnar Þór hafi verið endurskoðandi og átt að annast allt sem því viðkemur. Ákærði taldi að meðákærði Gunnar Þór hefði haft aðgang að reikningi sínum í þessu skyni. Ákærði fékk tekjur frá félögunum sem í ákæru greinir á ákærutímabilinu. Hann kvað meðákærða Gunnar Þór hafa haft heimild til að afla gagna vegna tekna ákærða frá þessum félögum í því skyni að telja fram. Í upphafi hafi meðákærði Gunnar Þór kallað eftir gögnum frá ákærða, en hann hafi hætt því er á leið. Spurður hvort meðákærði hefði sinnt öðrum störfum fyrir ákærða en gerð skattframtala kvað hann meðákærða Gunnar Þór hafa verið eins og vin sem hann treysti. Ákærði taldi að hann hefði afhent Gunnari Þór einhver gögn á þessum tíma vegna skattframtalanna sem um ræðir, þótt hann myndi það ekki nú. Spurður hvenær hann hefði fengið vitneskju um að skattskilin sem um ræðir væru ekki í réttu horfi kvaðst hann telja að það hafi verið á árinu 2013, þótt hann myndi það ekki nú. Hann kvaðst hafa fengið tilkynningar frá skattinum og í kjölfarið hefði verið hringt í meðákærða Gunnar Þór sem sagði ákærða að hafa ekki áhyggjur vegna þess að hann hefði sagst hafa fengið frest og hann gæti sem endurskoðandi fengið lengri frest en venjulega. Ákærði kvaðst í þessu ljósi ekki hafa spáð frekar í þetta og treyst meðákærða Gunnari Þór sem hafi starfað hjá PriceWaterhouseCoopers. Ákærði Jón Þór kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því að framtaldar tekjur vegna tekjuáranna 2010 og 2012 hafi verið lægri en greiðslurnar sem ákærði fékk. Hann kvaðst ekki hafa farið yfir skattframtölin með meðákærða Gunnari Þór og þeir hefðu ekki rætt framtalsgerðina.

Fyrir liggur að skattframtölum fyrir ákærða fyrir tekjuárin 2013 og 2014 var ekki skilað fyrr en eftir að rannsókn málsins hófst. Hann kvaðst hafa fengið áætlun frá skattinum vegna þessa en Gunnar Þór upplýsti ákærða ekki um það að hann hefði ekki skilað framtölum þessi ár. Ákærði mundi ekki hvenær hann fékk vitneskju um að framtölunum var ekki skilað og taldi að það hefði ekki verið fyrr en allt sprakk í loft upp,

eins og ákærði bar. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því að áætlanirnar hefðu verið töluvert lægri en laun hans á sama tíma og hann kvaðst í raun ekki hafa fylgst með tekjum sínum á þessum tíma.

Ákærði kvaðst aldrei hafa lent í neinum vandræðum vegna skattskila erlendis. Hann kvað stöðu mála hafa komið sér á óvart er hann gaf skýrslu hjá Skattrannsóknarstjóra og kvað hann hljómsveitar meðlimi hafa verið í áfalli vegna þessa og kvaðst hann hafa verið eins samvinnuþýður og hann gat gagnvart öllum sem komu að málinu. Ákærði staðfesti að skipt hefði verið um endurskoðanda. Hann mundi ekki hvenær það var gert. Spurður um hlutverk meðákærða Gunnars Þórs, hvert það hafi verið eftir að skipt var um endurskoðanda, kvað hann Gunnar hafa átt að skila inn skattframtölum sem hann hefði vanrækt að skila og kvað hann hafa gengið illa að fá meðákærða Gunnar Þór til að sinna þessu. Ákærði kvað skatta hafa verið endurávarðaða vegna þessara ára, með álagi.

Ákærði Gunnar Þór neitar sök. Hann kvað ekki tölulegan ágreining vegna ákærunnar. Hann kvaðst vera löggiltur endurskoðandi og hafa starfað við það árin sem ákæran tekur til. Hann kvaðst hafa byrjað að starfa fyrir meðákærða Jón Þór og hljómsveitina Sigur Rós á árinu 2005. Spurður um verkefni fyrir meðákærða Jón Þór á þessum tíma kvaðst hann hafa talið fram fyrir hann. Hann kvað skattframtölin sem um ræðir hafa byggst á forskráðum upplýsingum á framtölunum og upplýsingum úr ársreikningi Frakks og upplýsingum sem bárust að utan eins og við átti. Hann kvað samskiptin við erlenda aðila hafa gengið vel í sumum tilvikum, en stundum hefðu gögn borist seint og illa.

Tekjuárið 2013 var áætlað á ákærða Jón Þór þar sem framtali var ekki skilað. Hvers vegna framtalinu var ekki skilað, kvað hann það hafa verið þar sem upplýsingar vantaði til að unnt væri að skila réttu framtali. Ákærði kvað einkum hafa vantað upplýsingar frá Frakk slf. sem hann lýsti. Hann kvað ástæðuna þá að upplýsingarnar lágu ekki fyrir, fyrir Frakk, og hafi þær upplýsingar vantað til að unnt væri að ljúka framtalinu. Ákærði kvaðst ekki hafa upplýst meðákærða Jón Þór um að framtalinu hefði ekki verið skilað. Spurður um ástæðuna svaraði ákærði því svo að meðákærði væri ekki bókhaldssinnaður maður og því hefði þetta ekki verið gert. Hann mundi ekki eftir því að meðákærði hefði verið í sambandi við sig vegna framtalanna en þeir hefðu ekki rætt saman vegna þessa.

Áætlað var á ákærða Jón Þór vegna tekjuársins 2014, en ákærði kvaðst hafa hætt störfum fyrir meðákærða Jón Þór í janúar-febrúar 2015 eða áður en framtalsfrestur rann út vegna þessa árs og því ekki skilað framtali vegna þess árs. Hann kvaðst ekki muna að hafa fengið beiðni frá meðákærða um að skila skattframtali vegna tekjuársins 2014. Meðákærði hafi verið í samskiptum við nýjan endurskoðanda og ákærði því ekki getað

skilið hlutina öðruvísi en svo að sá myndi annast skattskil vegna tekjuársins 2014, þótt ákærði hefði tekið að sér störf fyrir rekstrarfélögin. Ákærði var spurður hvort erfiðlega hafi gengið að fá gögn tímanlega vegna framtalsgerðarinnar. Kvað hann það hafa komið fyrir. Hann kvað mjög lítinn hluta launatekna meðákærða Jóns Þórs hafa átt rætur hér á landi. Hann nefndi í þessu sambandi að tekjur Frakks hér á landi hefðu verið innan við 1% af tekjum félagsins á þessum tíma. Hann kvað vanskil skattframtalsins 2013 byggjast á því að Frakkur hafi ekki verið tilbúinn og því ekki hægt að skila framtali fyrir Jón Þór. Hann kvaðst ekki hafa greint Jóni Þór frá því að hann fengi ekki umbeðin gögn að utan vegna framtalsgerðarinnar.

Niðurstaða ákæru dagsettrar 28. febrúar 2019

Ákæruliður A 1

Að mati dómsins hefur engum haldbærum rökum verið skotið undir frávisunarkröfu verjanda ákærða Jóns Þórs og er henni hafnað.

Sannað er með játningu ákærða Jóns Þórs og með öðrum gögnum málsins að staðin voru skil á efnislega röngum skattframtölum vegna tekjuáranna 2010 og 2012 og ekki voru staðin skil á skattframtölum vegna tekjuáranna 2013 og 2014 á þann hátt sem lýst er í ákærunni, og þannig komist hjá því að greiða tekjuskatt og útsvar eins og þar er lýst.

Háttsemin varðar við þau lagaákvæði sem í ákæru greinir.

Dómaframkvæmd er til marks um þá miklu réttaróvissu sem ríkt hefur hér á landi varðandi álitaefni um tvöfalda refsingu í skattamálum. Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu, um að málsmeðferð hér á landi á þessu sviði væri í sumum tilvikum andstæð 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu o.fl., urðu til þess að brugðist var við þessu með setningu laga nr. 33/2020, en í 13. gr. laganna er fjallað um þetta. Lögin tóku gildi 6. maí 2020 og áttu að gilda út það ár, uns ný lög um sama efni tækju við. Síðar var gildistími lagaákvæðisins sem um ræðir framlengdur til 1. maí 2020, sbr. 9. gr. laga nr. 140/2020.

Í 13. gr. laga nr. 33/2020 segir:

„Álagi skv. 2. mgr. 108. gr. skal ekki beitt á árinu 2020 ef máli skattaðila vegna þeirra atvika sem eru tilefni endurákvörðunar skv. 96. gr. hefur verið vísað til refsimeðferðar skv. 110. gr.

Ef meðferð máls sem vísað hefur verið til rannsóknar lögreglu skv. 4. mgr. 110. gr. lýkur með því að rannsókn er hætt þar sem sakargögn hafa ekki þótt nægjanleg til ákæru eða vegna þess að það sem fram er komið þykir að rannsókn lokinni ekki nægilegt eða líklegt til að leiða til sakfellingar, eða ef atvikin eru af öðrum ástæðum ekki lengur til rannsóknar sem saknæm háttsemi, er heimilt að endurupptaka úrskurð um skattbreytingar vegna atvikanna og bæta álagi á vantalda skattstofna skv. 2. mgr. 108. gr., enda sé

úrskurður þar um kveðinn upp innan sex mánaða frá lokum málsmeðferðar lögreglu. Sama á við ef málsmeðferð lýkur með frávísun yfirskattanefndar vegna þess að sökunautur hlítir ekki málsmeðferð hennar, sbr. 4. mgr. 110. gr., eða án sektarákvörðunar eftir sektarboð skv. 2. mgr. 110. gr., enda sé staða skattaðila sem sakbornings felld niður. Heimild til álagsbeitingar samkvæmt þessari málsgrein takmarkast ekki af ákvæðum 97. gr.

Ákvæði þetta tekur til allra mála sem ekki hafa verið tekin til úrskurðar um endurákvörðun við gildistöku laga þessara.“

Ofangreind lög eru nú fallin úr gildi og við tóku lög nr. 29/2021 um breytingu á lögum er varða rannsókn og saksókn skattalagabrota (tvöföld refsing, málsferð). 8. gr. laganna er svohljóðandi:

„Á eftir 108. gr. laganna kemur ný grein, 108. gr. a, svohljóðandi: Ef máli er vísað til lögreglu verður ekki lagt á álag skv. 108. gr. meðan mál er til rannsóknar eða saksóknar.

Telji héraðssaksóknari ekki tilefni til að ljúka rannsókn máls eða felli hann mál niður að hluta til eða öllu leyti skal hann endursenda málið til ríkisskattstjóra. Getur ríkisskattstjóri þá lagt á álag skv. 108. gr. óháð því hvort endurákvörðun samkvæmt 96. gr., sbr. 97. gr., hafi þegar farið fram.

Gefi héraðssaksóknari út ákæru sem leiðir til sýknu eða sakfellingar með endanlegum dómi verður álag ekki lagt á vegna þeirra ákæruatriða sem þar komu fram. Sýkna vegna kröfu um refsingu kemur þó ekki í veg fyrir endurákvörðun skatta og opinberra gjalda skv. 97. gr.

Lögreglan getur ákveðið að mál sem er til rannsóknar vegna skattalagabrots skuli endursent til skattyfirvalda til meðferðar og ákvörðunar ef ekki eru talin fyrir hendi skilyrði til útgáfu ákæru vegna meintrar refsiverðrar háttsemi.“

Í greinargerð með lögnum segir að markmið frumvarpsins sé að koma í veg fyrir að saksótt sé eða refsað tvívegis fyrir sama brot og að koma í veg fyrir að tvöföldum refsingum verði beitt við rannsókn og saksókn skattalagabrota. Í 8. gr. laga nr. 29/2021 eru ekki sambærilegir fyrirvarar og voru í bráðabirgðaákvæðinu sem rakið var. Tilgangur laganna, og svo sem ráða má af lögskýringargögnum og orðalagi nefndrar 8. gr., er að leggja bann við tvöfaldri refsingu í skattalagabrotum. Þetta er breyting frá því sem var fyrir gildistöku laganna og er til merkis um breytt mat löggjafans á refsinaemi verknaðar þannig að ekki verði refsað fyrir sama brot og áður hefur verið beitt álagi við við skattalega meðferð sama máls.

Ríkisskattstjóri hefur úrskurðað um breytingar á opinberum gjöldum ákærða árin sem um ræðir og gert honum að greiða álag sem er refsing í skilningi laga.

Samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 11. desember 2018, um breytingar á opinberum gjöldum ákærða gjaldaárin 2011, 2012, 2013, 2014 og 2015, var lagt 25% álag á vantaldar tekjur ákærða aðrar en þær sem framtaldar voru erlendis.

Í ákæru er ekki gerður greinarmunur eða sundurliðun á því hvort um er að ræða tekjur sem lagt hefur verið á 25% álag eða ekki og engar upplýsingar er að finna í framlögðum gögnum um þetta. Beinast liggur við að álykta að skýringin á því að álagi var ekki beitt á hluta vanframtalinna tekna í úrskurði ríkisskattstjóra, sé sú að sá hluti sakarefnisins þar sem álagi var ekki beitt hafi ekki verið talinn jafn saknæmur og sá er álagi var beitt á. Þetta fær einnig stoð í úrskurði ríkisskattstjóra þar sem segir að álagi sé beitt á vantaldar tekjur þar sem þær teljist svo stórfelldur annmarki á framtali. Þessi ummæli í úrskurðinum eiga ekki við um tekjur framtaldar erlendis og á þær er ekki lagt 25% álag. Þá liggur fyrir samkvæmt lögum 29/2021 að mál þetta hefði ekki verið sent lögreglu til rannsóknar í núverandi lagaumhverfi þar sem lögin leggja bann við tvöfaldri refsingu og því komi ekki til álita að refsna vegna sakarefnisins þar sem álagi var beitt. Það er jafnframt mat dómsins að í núverandi lagaumhverfi hefði ekki komið til álita að senda þann hluta sakarefnisins er ekki sætti álagi til rannsóknar hjá lögreglu enda væri það andstætt anda laganna þar sem reiknað er með því að alvarlegri brot sæti lögreglurannsókn. Því væri órökrétt og andstætt anda laganna að til ákæru meðferðar færi sá hluti sakarefnis sem er ekki jafn saknæmur og sá sem lokið hefur verið hjá skattyfirvöldum. Auk þessa er ákæra málsins ekki byggð á því að gerður sé greinarmunur á þessu og að því leyti er sakarefnið ein heild. Væri af hálfu ákæruvaldsins gerður greinarmunur á þessu tvennu hefði þurft að gera grein fyrir því í ákæru svo ákæra uppfyllti skilyrði 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um skýrleika ákæru auk þess sem það rýrði möguleika ákærða til að halda uppi vörnum. Í nefndaráliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis segir m.a. þar sem fjallað er um afdrif mála sem þegar eru til meðferða að meirihluti nefndarinnar taki fram, m.a. vegna ítrekaðra aðfinnslna mannréttindadómstólsins, að í þeim málum sem hér um ræðir sé lítið svigrúm til að túlka vafa öðruvísi en sakborningi í hag eins og segir í álitinu.

Með vísan til alls ofanritaðs, sjónarmiða sem fram koma í lögskýringargögnum með lögum nr. 29/2021, er það mat dómsins að ákærða beri að njóta vafans í þessu og að líta beri á sakarefnið sem eina heild, hvort sem álagi hefur verið beitt eða ekki og að lögin beri að skýra svo að ekki komi til álita að beita refsingu eins og á stendur.

Að þessu virtu, og með vísan til 8. gr. laga nr. 29/2021 sem leggur bann við tvöfaldri refsingu, sem yrði ef sakfelld yrði og refsað í máli þessu, ber að sýkna ákærða af þessari ákæru.

A 2

Ákærði Gunnar Þór var hættur störfum fyrir ákærða er framtalsfrestur vegna tekjuársins 2014 rann út og kvaðst því ekki hafa skilað framtali vegna þess árs. Ekkert liggur fyrir í málinu um að ákærði Gunnar Þór hafi tekið að sér að skila skattframtali fyrir Jón Þór vegna þessa árs og er hann sýknaður af þeim hluta þessa ákæruliðar.

Með bréfi Skattrannsóknarstjóra ríkisins, dagsettu 21. mars 2018, var máli þessu vísað til Héraðssaksóknara vegna sakarefnisins samkvæmt ákærinni sem hér um ræðir og er Jón Þór Birgisson sagður sökunautar. Ákærði Gunnar Þór var ekki nefndur í bréfi skattrannsóknarstjóra.

Ákærði Gunnar Þór hafði réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins hjá skattrannsóknarstjóra. Skattrannsóknarstjóri annast rannsóknir skattalagabrota eins og lýst er í 103. gr. laga nr. 90/2003. Í lagagreininni segir að við rannsóknaraðgerðir Skattrannsóknarstjóra ríkisins skuli gætt ákvæða laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknarstigi. Í 4. mgr. 110. gr. laganna segir að Skattrannsóknarstjóri ríkisins geti vísað máli til rannsóknar lögreglu af sjálfsdáðum svo og eftir ósk sökunautar, ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af yfirskattanefnd og var máli ákærða Jóns Þórs Birgissonar vísað til rannsóknar héraðssaksóknara með vísan til þessa lagaákvæðis en ekki máli ákærða Gunnars Þórs eins og rakið var. Kæra skattyfirvalda er almennt séð ekki forsenda lögreglurannsóknar fyrir skattalagabrot. Í máli þessu háttar hins vegar svo til að skattrannsóknarstjóri, sem er sérfræðistjórnvald, tók ákvörðun um að vísan máli ákærða Gunnars Þórs ekki til rannsóknar hjá lögreglu. Í máli þessu var máli Jóns Þórs Birgissonar vísað til rannsóknar hjá lögreglu en ekki máli ákærða Gunnars Þórs sem sætti rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra fyrir sama sakarefni. Við þessar aðstæður er það mat dómsins að ákærði Gunnar Þór hafi haft réttmætar væntingar varðandi það að máli hans væri lokið eftir þá ákvörðun skattrannsóknarstjóra að kæra hann ekki, sem væri bindandi gagnvart honum, enda höfðu hvorki komið fram ný gögn né nýjar upplýsingar sem réttlætt gátu aðra niðurstöðu að mati dómsins. Að mati dómsins er í þessu sambandi unnt að styðja þessa niðurstöðu með gagnályktun frá 4. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt þannig að lögregla geti ekki endurmetið niðurstöðu skattrannsóknarstjóra eins og á stendur í máli þessu enda hafa ekki komið fram ný gögn eða nýjar upplýsingar.

Með vísan til alls ofanritaðs er það mat dómsins að ákærði Gunnar Þór hafi mátt hafa réttmætar væntingar um að máli á hendur honum hafi verið lokið með ákvörðun skattrannsóknarstjóra og eru réttaráhrifin þau að sýkna ber ákærða Gunnar Þór.

Ákæra dagsett 22. mars 2019

Ákærði Jón Þór neitar sök. Hann kvað hið sama eiga við og um fyrri ákærana og að ekki væri ágreiningur um fjárhæðir. Hann kvaðst eigandi félagsins eins og lýst er í inngangskafla ákærunnar og rétt væri að meðákærði Gunnar Þór hafi verið endurskoðandi og daglegur stjórnandi félagsins. Ákærði Jón Þór kvaðst hafa átt Frakk og félagið hafi átt að sjá um mál ákærða, eins og hann bar, og haldið utan um laun og fleira. Hann kvað meðákærða Gunnar Þór hafa annast daglegan rekstur félagsins á þessum tíma og haft prókúru á bankareikning þess og séð um að greiða laun og fleira. Hann taldi Gunnar Þór hafa gefið út reikninga fyrir hönd félagsins og greitt reikninga fyrir það og allt er varðaði reksturinn. Hann hefði einnig annast samskipti við skattinn og skil vegna félagsins. Ákærði kvaðst í raun ekki hafa komið neitt að rekstri félagsins þótt hann hefði aflað teknanna.

Fyrir liggur að félagið skilaði ekki skattframtölum fyrir tekjuárin 2010 til og með 2014. Spurður um ástæðu þess kvað hann ástæðuna þá að meðákærði Gunnar Þór hefði ekki skilað skattframtölunum og ákærði kvaðst ekki hafa vitað að þeim var ekki skilað. Hann hefði fengið upplýsingar um það er skattrannsóknin hófst. Hann kvaðst hafa fengið áætlun frá skattinum vegna þess að félagið skilaði ekki skattframtölum. Hann kvaðst hafa hringt í meðákærða Gunnar Þór vegna þessa og hann sagst hafa fengið frest. Hann kvaðst ekki hafa kannað þetta sjálfur. Ákærði Jón Þór kvað ekki geta staðist að erfiðlega hafi gengið að fá gögn að utan vegna Frakks vegna þess að mál félagsins erlendis hafi verið í góðum höndum og ekkert mál að fá upplýsingar þaðan. Hann kvað Gunnar Þór aldrei hafa haft samband við sig vegna þess að erfiðlega hefði gengið að afla gagna. Ákærði Jón Þór kvaðst ekki hafa rætt við meðákærða um það hvernig haga ætti skattskilum Frakks. Gunnar Þór hefði aldrei rætt við sig um það að ástæðan fyrir því að hann gæti ekki skilað framtölum ákærða væri sú að eftir væri að ljúka vinnu varðandi Frakk.

Fyrir liggur að áætlanir sem ákærði sætti persónulega og Frakkur, gerðu í báðum tilvikum ráð fyrir lægri tekjum en þær raunverulega voru. Ákærði kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir þessu og að áætlanirnar væru rangar. Spurður um ástæðu þess að meðákærði hætti störfum fyrir ákærða og Frakk kvað hann hana þá að hann hefði ekki gert það sem hann átti að gera.

Ákærði Gunnar Þór neitar sök og kvaðst ekki hafa verið daglegur stjórnandi félagsins eins og ákært er fyrir. Hann kvað ekki ágreiningur um fjárhæð í ákærinni. Hann kvaðst hafa unnið fyrir Frakk, fært bókhald, annast gerð ársreiknings og skattframtalsgerð og greiðslur tilfallandi reikninga vegna innlenda hlutans og gerð reikninga gagnvart Smekkleysu, en um hafi verið að ræða mjög lágar fjárhæðir. Hann kvaðst hafa verið með prókúru á reikning Frakks hér á landi. Ákærði lýsti því er starfsemi félagsins jókst erlendis. Hann kvað fjármuni hafa borist hingað til lands en tekjur

félagsins hér á landi hefðu verið innan við 1% af heildartekjum þess. Hann kvað meðákærða Jón Þór ekki hafa fylgst mikið með rekstrinum hér á landi. Hann kvaðst ekki hafa komið að neinu er varðaði reksturinn erlendis. Hann kvaðst telja Dean, erlendan umboðsmann, daglegan stjórnanda Frakks, ásamt listrænum umboðsmanni. Hann kvaðst hvorki hafa haft umboð að lögum né samkvæmt umboði til að skuldbinda Frakk og hann hafi ekki gert það nema að greiða fasta reikninga, svo sem fyrir rafmagn, hita og húsaleigu. Hann hefði ekki tekið neinar ákvarðanir um annað er varðaði fjárhagsmálefni Frakks, en komið hafi fyrir að hann hefði fengið fyrirmæli að utan um að greiða eitthvað. Þá tók ákærði fram að Kári Sturluson hefði haft til umráða sjóð til að greiða fyrir Frakk, en ákærði hefði ekki gefið fyrirmæli um þær greiðslur heldur hafi þau fyrirmæli komið að utan.

Fyrir liggur að skattframtölum Frakks var ekki skilað eins og lýst er í ákærinni. Spurður um ástæðu þess kvað hann upplýsingar hafa vantað varðandi erlenda hlutann og þær upplýsingar hefðu iðulega borist eftir að framtalsfresti lauk og búið var að leggja á skatta. Hann hafi ekki greint meðákærða Jóni Þór frá því að skattframtölum var ekki skilað og þeir hafi ekki rætt skattskil félagsins. Hann kvaðst ekki hafa rætt við meðákærða er gögn vantaði að utan vegna framtalsgerðarinnar, en ástæðuna kvað hann þá að meðákærði hafi ekki verið inni í þeim málum og vísaði á erlenda endurskoðendur og umboðsmann.

Fyrir liggur að áætlanir á félagið voru lægri en raunverulegar tekjur. Ákærði kvaðst ekki muna nú hvort hann hefði gert sér grein fyrir því er þær bárust, að þær væru ekki réttar. Spurður hvort til greina hefði komið að senda inn skattframtöl miðað við upplýsingar sem fyrir lágu og láta þess getið að leiðrétt yrði síðar, er gögn bærust, kvað hann vandkvæði á því og hætta á að litið yrði svo á að röngu framtali hefði verið skilað. Ákærði kvaðst hafa sagt meðákærða Jóni Þór að hafa ekki áhyggjur af skattamálum vegna þess að hann væri með frest og kvaðst hann telja að það hlyti að hafa verið vegna persónulegra skattframtala Jóns Þórs en ekki Frakks.

Vitnið Georg Holm kvað ákærða Gunnar Þór hafa haft greiðan aðgang að endurskoðendum hljómsveitarmeðlima í Bretlandi og Bandaríkjunum varðandi erlendar tekjur. Þetta ætti jafnt við um persónulegar tekjur hljómsveitarmeðlima svo og varðandi íslensku félögin.

Vitnið Kristinn Kristjánsson kvaðst ekki hafa aflað upplýsinga frá Bretlandi vegna skattframtalsgerðar en þessi samskipti hafi gengið misvel og stundum orðið dráttur á að fá gögn. Hann kvað svör stundum hafa borist eftir að framtalsfresti lauk, bæði er varðaði ákærða Jón Þór persónulega og vegna Frakks. Hann hafi ekki verið í samskiptum við ákærða Jón Þór vegna þessa og aðeins verið í samskiptum við Derek Fraser vegna

Þessa. Hann taldi Dean O'Connor daglegan stjórnanda Frakks á þessum tíma, út frá því sem hann sá en öll fyrirmæli virtust hafa komið frá honum. Vitnið taldi að innan við 1% af tekjum Frakks ætti uppruna hér á landi. Hann kvaðst aldrei hafa litið á ákærða Gunnar Þór sem daglegan stjórnanda Frakks.

Vitnið Kári Sturluson kvaðst hafa unnið fyrir hljómsveitarmeðlimi Sigur Rósar frá árinu 2005 til ársins 2017. Hann kvaðst þannig hafa unnið fyrir Frakk og ákærða Jón Þór og lýsti hann þessu og vinnu sinni fyrir aðra hljómsveitarmeðlimi. Starf hans var fjölbreytt og lýsti hann þessu nánar. Hann kvaðst hafa verið með sjóð til umráða vegna starfa sinna og hafi Dean O'Connor haft milligöngu um þetta. Vitnið kvaðst langmest samskipti hafa haft við Dean vegna þessara starfa sinna og við Derek Fraser og skipti engu í þessu sambandi hvort um var að ræða verkefni hér á landi eða erlendis, en starfsemin hér á landi hafi verið lítil. Hann kvað daglega stjórnun Frakks á þessum tíma hafa verið hjá Dean O'Connor og allt varðandi fjármál félagsins falli þar undir. Vitnið kvaðst hafa fengið greitt gegnum Dean O'Connor og Derek Fraser. Hann lýsti samskiptum við ákærða Gunnar Þór en hann hefði ekki tekið neinar ákvarðanir er vörðuðu fjárhagsleg málefni Frakks, sem öll voru í höndum Dean O'Connor.

Vitnið Dean O'Connor var spurður um hlutverk ákærða Gunnars Þórs hjá hljómsveitinni. Hann kvað hann hafa verið bókhaldara. Hann kvað starf ákærða Gunnars Þórs hafa verið bundið við þetta og hann hefði haft upplýsingar um bankareikninga en starfið hafi verið bundið við bókhald, þótt hann hefði stundum aðstoðað við fjárhagsleg atriði. Hann lýsti samskiptum við endurskoðendur í öðrum löndum sem vörðuðu skattaleg málefni, en hann kvaðst hafa hitt ákærða Gunnar Þór hér á landi. Spurður um vandkvæði í samskiptum við Gunnar Þór lýsti hann því að eftir árið 2012 hafi komið upp vandamál í þessu sambandi. Hann kvað Gunnar Þór aldrei hafa afhent upplýsingar eða gögn eftir að hann hætti störfum. Hann kvað Frakk hafa verið stofnaðan í kringum starfsemi ákærða Jóns Þórs. Hann lýsti bresku félagi sem hélt utan um tónleikahald í Bretlandi og fleira. Hann kvaðst hafa haft með það að gera að samþykkja greiðslur Frakks hvar sem var. Hann kvað Kára Sturluson hafa verið umboðsmann á Íslandi fyrir Frakk og ákærða Jón Þór og kvaðst vitnið hafa verið í beinum samskiptum við Kára vegna starfa hans og hafa gefið fyrirmæli um greiðslur vegna Frakks og ákærða Jóns Þórs, en Kári hefði haft aðgang að sjóði í þessu skyni.

Vitnið Derek Fraser kvaðst hafa annast reikninga fyrir hljómsveitina í Bretlandi. Spurður um hlutverk ákærða Gunnars Þórs kvað hann hafa verið aðalbókhaldara hér á landi og hann hafi annast gerð skattskýrslna fyrir hljómsveitarmeðlimi og fengið send gögn vegna þessa.

Vitnið Patrick Templeman lýsti hlutverki sínu fyrir Sigur Rós og meðlimi hljómsveitarinnar á þessum tíma. Hann kvaðst vera endurskoðandi þeirra í Bandaríkjunum og hann hafi gengið frá skattskýrslum þeirra þar og verið í sambandi við ákærða Gunnar Þór vegna skattskýrslugerðar í Bandaríkjunum. Hann kvað ákærða Gunnar Þór ekki hafa greint sér frá neinum vandkvæðum í samskiptum við skattaaðila á Íslandi.

Niðurstaða ákæru dagsettrar 22. mars 2019

Hið sama á við um þessa ákæru og hina fyrri, að mati dómsins, að engum haldbærum rökum hefur verið skotið undir frávísunarkröfu verjanda ákærða Jóns Þórs og er henni hafnað.

Ákærði Jón Þór neitar sök. Hann kvað ekki ágreining um fjárhæðir. Hann kvaðst eigandi félagsins eins og lýst er í inngangskafli ákærunnar og að meðákærði Gunnar Þór hefði verið endurskoðandi og daglegur stjórnandi félagsins og ástæða þess að skattframtölum fyrir tekjuárin 2010 til og með 2014 var ekki skilað væri sú að meðákærði Gunnar Þór hefði ekki skilað þeim og ákærði ekki vitað að þeim var ekki skilað.

Samkvæmt félagssamningi fyrir Frakk slf. var það stofnað 1. september 2004 og er ákærði Jón Þór þar skráður sem aðili með ótakmarkaðri ábyrgð og 90% eignarhlut. Í tilkynningu til firmaskrár, dags 5. október 2004, er ákærði Jón Þór skráður sem stofnandi með ótakmarkaðri ábyrgð.

Saknæmisskilyrði samkvæmt 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga er ásetningur eða stórfellt gáleysi og samkvæmt 2. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt er það ásetningur eða stórkostlegt hirðuleysi. Við munnlegan málflutning kom fram að ekki væri af hálfu ákæruvaldsins byggt á því að ákærði Jón Þór hefði framið brot af ásetningi. Ákærði Jón Þór hefur lýst því að hann hafi talið skattamál Frakks slf. í lagi þar sem hann hefði ráðið ákærða Gunnar Þór endurskoðanda til að sinna þeim málum. Hann hafi haft samband við Gunnar Þór vegna skattamála Frakks slf. og alltaf fengið sömu svör um að allt væri í lagi og frestur hefði fengist eins og lýst var. Ákærði Jón Þór fékk fyrst vitneskju um vanskil skattframtalanna er rannsókn málsins hófst og ákærði Gunnar Þór greindi honum aldrei frá því að framtölunum var ekki skilað eða að gögn hefði vantað en báðir ákærðu hafa borið efnislega á sama veg um þetta. Viðbrögð ákærða Jóns Þórs við erindum frá skattinum voru að tala við meðákærða Gunnar Þór sem hefði sagst hafa fengið fresti. Ákærði Jón Þór hefur því sagst hafa verið í góðri trú um framtalsskil Frakks slf. Er ákærða Jóni Þór urðu vanskilin ljós brást hann við með því að ráða nýjan endurskoðanda og var skattskilum Frakks slf. komið í lag. Ákærði Jón Þór hafði litla eða enga aðkomu að daglegum rekstri Frakks slf. og lét sig félagið litlu varða eins og lýst hefur verið.

Ákærði Jón Þór er ákærður sem ábyrgðaraðili og aðaleigandi Frakks slf.

Að mati dómsins getur ótakmörkuð ábyrgð sem ákærði Jón Þór tókst á hendur samkvæmt tilkynningu til firmaskrár, dags 5. október 2004, ekki verið grundvöllur refsíábyrgðar og verður ákærði ekki sakfelldur á þeirri forsendu. Þá getur eignarhaldið eitt og sér ekki verið grundvöllur refsíábyrgðar en hún ræðst af því hvort uppfyllt séu saknæmisskilyrði laganna sem honum er gefið að sök að hafa brotið gegn.

Þessi niðurstaða leiðir sjálfkrafa til sýknu en þessu til viðbótar er það mat dómsins, með vísan til alls ofanritaðs, að ákærði Jón Þór hafi gert það sem í hans valdi stóð til að tryggja að skattamál Frakks slf. væru í réttu horfi. Hann réð til sína sérfróðan aðila til þess en sá greindi honum ekki frá vanskilunum. Þótt það leysi skattaðila ekki undan ábyrgð að fela öðrum framtalsgerð er það mat dómsins að ósannað sé að ákærði Jón Þór hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi eða stórkostlegt hirðuleysi og ber samkvæmt öllu ofanrituðu að sýkna hann. Með vísan til ofanritaðs er Frakkur slf. einnig sýknaður.

Með bréfi Skattrannsóknarstjóra ríkisins, dagsettu 4. febrúar 2019, var máli þessu vísað til rannsóknar Héraðssaksóknara vegna sakarefnisins samkvæmt ákærinni sem um ræðir, nema að ákærði Gunnar Þór var ekki sökunautur samkvæmt því bréfi.

Að öðru leyti er vísað til sömu röksemda varðandi ákærða Gunnar Þór og rakin voru í ákærulið A 2 í ákæru dagsettri 28. febrúar 2019. Samkvæmt því er ákærði Gunnar Þór sýknaður af þessari ákæru á grundvelli sömu sjónarmiða og þar eru rakin.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði þ.m.t 12.722.400 króna málsvarnarlaun Bjarnfreðs Ólafssonar lögmanns og 4.446.950 króna málsvarnarlaun Garðar G. Gíslasonar lögmanns, í báðum tilvikum að meðtöldum virðisaukaskatti.

Kristín Ingileifsdóttir saksóknari flutti málið fyrir ákæruvaldið.

Guðjón St. Marteinson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Þór Birgisson, Gunnar Þór Ásgeirsson og Frakkur slf., eru sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t 12.722.400 króna málsvarnarlaun Bjarnfreðs Ólafssonar lögmanns og 4.446.950 króna málsvarnarlaun Garðar G. Gíslasonar lögmanns, í báðum tilvikum að meðtöldum virðisaukaskatti.

Guðjón St. Marteinson

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómur Reykjavíkur, 25. maí 2021.

